

## Minnisblað

---

Málsnúmer:

Til: Bæjarráðs

Frá: SI

Dags. 14. desember 2023

### Efni: Starfshópur um fjárfestingar, framkvæmdir og viðhald.

---

#### Inngangur

Á 236. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar, sem haldinn var 27. nóvember 2023 var samþykkt að skipa starfshóp um fjárfestingar, framkvæmdir og viðhald á vegum sveitarfélagsins samkvæmt E-lið 46. gr. samþykktar um stjórn Fjallabyggðar.

#### Viðfangsefni starfshópsins

Ljóst er að sá málaflokkur er lýtur að fjárfestingum, framkvæmdum og viðhaldi á vegum Fjallabyggðar er umfangsmikill og afar brýnt að vel sé haldið á málum. Mikil viðhaldspörf er komin á ýmsar eignir sveitarfélagsins sem komnar eru til ára sinna. Þá hefur það verið erfiðleikum bundið að fá tilboð í stærri verk sem boðin hafa verið út á vegum sveitarfélagsins sbr. viðbyggingu við húsnæði Grunnskólann í Ólafsfirði og viðbyggingu og breytingar á Ípróttamiðstöðinni á Siglufirði.

Til að setja aukinn slagkraft í hin ýmsu krefjandi verkefni sem ráðast þarf í á vegum sveitarfélagsins verður settur á fót starfshópur sem ætlað er að vinna þétt saman að framgangi mála. Verkefni sem starfshópurinn mun fjalla um eru:

- Nýframkvæmdir
- Viðhald á eignasafni þ.e. húseignum, samgöngumannvirkjum og opnum svæðum.
- Hönnun og undirbúningur verka
- Forgangsröðun verkefna
- Undirbúningur varðandi útboð ef við á
- Aðkoma að fjárhagsáætlun málaflokksins

Markmið með þessari vinnu er að stuðla að sem bestu verklagi, hagkvæmni, gæðum og skilvirkni við framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins.

Til grundvallar framkvæmdum liggur samþykkt fjárhagsáætlun Fjallabyggðar.

Starfshópurinn er skipaður til eins árs þ.e. frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2024  
Honum er gert að skila tillögum til bæjarstjórnar jafnt og þétt eftir því sem mál vinnast  
áfram.

### Starfshópur um fjárfestingar, framkvæmdir og viðhald

Starfshópurinn skipa:

- Sigríður Guðrún Hauksdóttir (formaður)
- Guðjón M. Ólafsson
- Helgi Jóhannsson
- Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri
- Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar

Þeir kjörnu fulltrúar sem sæti eiga í starfshópnum fá greitt skv, 4. gr. samþykktu  
Fjallabyggðar um „Aðrar nefndir“



Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri